



Héraðsskjalasafn  
Vestmannaeyja

## Ársskýrsla 2004

Héraðsskjalasafnið var starfrækt með svipuðu sniði og undanfarin ár.

**Opnunartími:** Safnið var opið þrjú daga í viku, mánudaga, miðvikudaga og fimmtudaga kl. 11.00-17.00, eins og síðastliðin ár.

**Starfslið:** Jóna Björg Guðmundsdóttir héraðsskjalavörður er í 50% starfi.

**Fyrirspurnir:** Skráðar voru 98 (92) fyrirspurnir eða erindi. Gestir á lesstofu voru 26 (32).

**Aðföng:** Aðföng til safnsins á árinu voru 209 (200) móttekin og skráð skjalanúmer frá bæjarskrifstofu, einstaklingum og félögum. Safninu bárust góðar gjafir á árinu og ber að þakka gefendum fyrir þær.

**Aðföng ársins 2004:**

Úr fórum Ása í Bæ  
Frá Sjálfstæðisflokknum í Vm.  
Frá Athafnaverinu í Vm.  
Frá Barnaskóla Vm.  
Frá Bókasafni Vm.  
Úr fórum Bjarna Valtýssonar.  
Úr fórum Þórs Valtýssonar.  
Frá skipstjórum og útvegsm. í Vm.  
Frá bæjarskrifstofum.  
Úrklippur frá Vm.  
Úr fórum Bryngeirs Sigfússonar.  
Úr fórum Svavars Steingrímssonar.  
Frá útgerð Hugins Ve. 55.  
Frá Sjómannafélaginu Jötunn.  
Frá Áhaldahúsi Vm.  
Frá Brunabótafélagi Íslands í Vm.  
Úr fórum Þorsteins Jónssonar frá Laufási.  
Úr fórum Hjálta Guðmundar Jónatanssonar.

**Millisafnalán:** Héraðsskjalasafnið fékk að láni frá Þjóðskjalasafni skjöl um Vestmannaeyjasýslu á 19.öld, en þar koma fram jarðalýsingar.

**Norræni skjaladagurinn:** Laugardaginn 13. nóvember var Norræni skjaladagurinn (Arkivernes Dag) haldinn hátíðlegur. Að þessu sinni stóð safnafólk í Eyjum fyrir “Nótt safnanna” sama dag. Þar af leiðandi var Norræni skjaladagurinn hluti uppákoma í tilefni dagsins. Þema dagsins var “Ár í sögu byggðar”, árið 1974.

Vestmannaeyjum í apríl 2005

Jóna Björg Guðmundsdóttir héraðsskjalavörður